

# TILBOÐ NORDURÁLS LAGT FRAM 22. ÁGÚST 2011

---

## Hækkun á grunnlaunum

4.25% frá 1. september 2011

3.5% frá 1. janúar 2012

3.25% frá 1. janúar 2013

3% frá 1. janúar 2014

Launaliður gildir til 31. desember 2014

Eingreiðsla til starfsmanna sem eru í starfi 1. september 2011, sem taki mið af föstum launum í viðkomandi launaflokki .

## Nýtt hæfnisálag

Starfsmenn sem hafa unnið hjá Norðuráli í þrjú ár eða meira og uppfylla skilyrði um hæfni og frammistöðu fá 3% álag á grunnlaun. Tekið er tillit til eftirfarandi þátta undangengna 24 mánuði:

- Frammistöðu og hæfni í starfi
- Öryggishegðunar
- Virðingu fyrir reglum fyrirtækisins
- Mætinga

Endanleg útfærsla verður gerð í samráði við aðaltrúnaðarmann.

## Stóriðjunám

Norðurál hefur í hyggju að koma á formlegu starfsnámi byggðu á námskrá útgefinni af Fræðslumiðstöð avinnulífsins um nám í stóriðju. Námið skiptist í grunnnám og framhaldsnám.

Ófaglærðir starfsmenn sem hafa unnið hjá Norðuráli í þrjátíu mánuði eða meira og uppfylla skilyrði um hæfni og frammistöðu geta sótt um inngöngu í grunnnámið:

Við val á umsækjendum er litið til eftirfarandi þátta:

- Frammistöðu og hæfni í starfi
- Öryggishegðunar
- Mætinga
- Virðingu fyrir reglum fyrirtækisins
- Umsagnar yfirmanns

Skilyrði vegna framhaldsnáms eru að auki að starfsmenn hafi annað tveggja:

- Sveinsbréf
- Útskrift úr grunnnámi stóriðjuskólans

Norðurál stefnir að því að starfsmenn úr sem flestum deildum fyrirtækisins taki þátt í náminu. Fjöldi þátttakenda verður takmarkaður hverju sinni og ræðst af þörfum fyrirtækisins.

Starfsmenn sem útskrifast úr grunnnámi í stóriðju njóta 5% grunnlaunahækkunar

Starfsmenn sem útskrifast úr framhaldsnámi í stóriðju njóta 3% grunnlaunahækkunar